

Ed.

741. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 52, 3. nóv. 1915, um breytingu á lögum nr. 35, 20. október 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefndin hefir haft til meðferðar framangreint frv. á þingskjali 194, frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 20. október 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands, á þingskjali 357, og frv. til laga um breyting á sömu lögum, eftir landsímastjóra, er hann hefir afhent stjórnarráðinu, en það aftur samvinnunefndinni. Loks hefir nefndin athugað spurningarnar um lagningu símalína frá Borgarnesi til Hjarðarfells og frá Borgarnesi að Svignaskarði. Hefir nefndin orðið sammála um að láta allar þær breytingar, sem hún vill að gerðar sjeu á þessu þingi á símalögunum, koma fram í einu lagafrumvarpi, og auk þess taka upp í það frv. það, sem eftir á að standa óbreytt í símalögunum frá 1915, svo að öll laga-ákvæði um landsímamál verði að finna í símalögunum frá 1913 og í tillögum hennar nú.

Skal svo hjer gerð stutt grein fyrir breytingum þeim á símalöggjöfni, sem felast í tillögum hennar.

Aftan við 2. gr. laganna frá 1913 (um I. flokks síma) leggur nefndin til, að bætt verði tveimur nýjum tengillnum, annari milli Hjarðarfells og Borgarness, en hinni milli Víkur í Mýrdal og Hornafjarðar. Fyrri línan er nauðsynleg til þess að tryggja símasambandið við Vesturland; liggur auk þess um fjölbyggt hjerað, er nauðsynlega verður að komast inn í símakerfið.

Síðari línan hefir lengi verið fyrirhuguð, og er nauðsynleg, bæði til þess að fá öruggara samband milli Austurlands og annara hluta landsins, fá símasamband milli Suður- og Austurlandsins, og til þess að koma milliliggjandi hjeruðum í símasamband.

Við góðu talsímasambandi milli Suður- og Austurlandsins verður tæplega hægt að búast fyr en búið er að leggja þessa línu.

Báðar þessar línur telur landsímastjóri sjálfsagt að settar verði í I. flokk, og þær því lagðar fyrir lánsfje, en án nokkurs tillags frá blutaðeigandi hjeruðum, þar sem hin síðarnefnda, að minsta kosti, verði fult eins mikið aðallína og tengilína.

Landsímastjóri hefir fallist á breytingu þá á símalínunni frá Egilsstöðum á Völlum til Borgarfjarðar austur, sem frv. á þingskjali 194 fer fram á, enda verða afleiðingar hennar þær, að tjeður sími kemur til að liggja miklu lengur um bygð en eftir núgildandi lögum og yfir mun skemri fjallgarð; gerir hann því miklu meira gagn, sambandið verður öruggara og viðhaldskostnaður minni en ef hin leiðin væri farin, án þess þó, að kostnaðarauki verði verulegur.

Landsímastjóri er því og mjög hlyntur, að símalína verði lögð frá Borgarnesi að Svignaskarði, og þótt hjer sje um III. flokks línu að ræða, telur hann mega leggja hana á kostnað landssjóðs að öllu leyti, því að bæði sje hjer að ræða um línu, sem sje þýðingarmikil fyrir langferðamenn, og svo hafi hlutaðeigandi sýsla lagt mikið fje fram til símalagninga. Hann er þeirrar skoðunar, að leggja eigi línu þessa sem allra fyrst, jafnvel nú í haust, og telur sig hafa efni í hana.

Þessum tveimur línun er því bætt við III. flokks símana í 4. gr. ritsímalaganna frá 1913.

Til þess að það komi greinilegar fram í símalögunum, að stjórninni sje heimilt að gera ýmislegt það, er þyki nauðsynlegt til þess að tryggja góða starfrækslu símans, eins og t. a. m. kaup á varasésíma og simamótorskipi, er eftir tillögum landsímastjóra lagt til, að orðunum: og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir, sje bætt inn eftir orðinu: »aðallinum« í 3. málsg. 5. gr. símalaganna frá 1913.

Þegar lokið er við að reisa þráðlausu firðviðskiftastöðina við Reykjavík, liggur nærri að reisa smástöðvar víðs vegar um landið á þeim stöðum, sem kringumstæður leyfa og álitid verður nauðsynlegt. Er tilætlunin með slíkum stöðvum bæði að koma hjeruðunum, sem þær verða settar í, í samband við símakerfi landsins, og að þær verði til afnota fyrir skip í hafi. Í Flatey í Breiðafirði, sem ekki er í sambandi við símakerfið, en liggur hins vegar vel við firðviðskiftum við skip í hafi, hefir símastjóri hugsað sjer, að hin önnur firðviðskiftastöð landsins verði reist.

Það þykir því rjett, að fyrir hendi sje lagaheimild til þess, að reistar verði slíkar þráðlausar smá-firðviðskiftastöðvar, og að stjórninni sje veitt heimild til að setja sem skilyrði fyrir stofnun slíkra stöðva fjárframlag til stofn- og rekstrarkostnaðar lögum samkvæmt frá hlutaðeigandi hjeruðum.

Við frv. á þingskjali 357, eins og það hefir verið samþykkt í háttv. Nd., hafði landsímastjórinn ýmislegt að athuga. Fyrst og fremst það, að í það, sem á að koma í stað 9. gr. símalaganna frá 1913, vantar ákvæði þau, sem standa í byrjun tjeðrar lagagreinar, um ábyrgð sveitarstjórna á starfrækslu símastöðva. Í frv. eru auk þess notuð orð, sem annaðhvort eru ekki til í simamálinu (skiftistöð), eða notuð í alt annari merkingu en ætlast er til í frv. (einkastöð). Loks telur landsímastjóri ekki tiltækilegt að setja algilda reglu um það, að landsím-inn skuli greiða hálfan rekstrarkostnað III. flokks símastöðva.

Samvinnunefndin hefir fallist á þetta og því breytt frumvarpsgreininni að nokkru, þótt mergur hennar sje hinn sami og frv. á þingskjali 357.

Með því að innihald laga nr. 52, 3. nóvember 1915, er ýmist orðið óþarft, eins og ákvæðið um loftskeytastöðina, eða tekið upp í breytingartillögur nefndarinnar, þær er hjer fara á eftir, leggur nefndin til, að þau lög sjeu úr gildi feld.

Með þessum athugasemdum leyfir samvinnunefndin sjer að leggja það til, að samþykta verði eftirfarandi

BREYTINGARTILLOGUR.

1. Í stað málsgreinarinnar komi svo hljóðandi 7 greinar:

1. gr.

Á eftir tölulið 7 í 2. gr. laga nr. 35, 20. október 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands, komi tveir nýir liðir, svo hljóðandi:

8. Tengilína milli Hjarðarfells og Borgarness.

9. Talsímalínan Vík í Mýrdal — Hornafjarðar.

2. gr.

4. gr. í greindum lögum orðist svo:

Til þriðja flokks teljast þau talsímasambönd, sem fyrirhuguð eru, en ótalin í 1. og 2. flokki, svo sem: Til Grenivíkur, Hvammstanga, Skagastrandar og Kálfshamarsvíkur, Grundarfjarðar, Unaóss og Borgarfjarðar austur, Loðmundarfjarðar, Raufarhafnar, Súgandafjarðar, Reykjarfjarðar í Strandasýslu; til Snæfjalla og þaðan að Höfða í Grunnavík; til Staðar í Aðalvík um Hesteyri, frá Hesteyri að Höfn á Hornströndum; um Barðastrandarsýslu; frá Borgarnesi að Svignaskarði; frá Hafnarfirði um Garðahverfi til Sviðholtshverfis á Álftanesi; frá Hafnarfirði um Voga til Grindavíkur; frá Keflavík til Hafna; frá Hraungerði að Torfastöðum í Biskupstungum og upp í Hreppa, upp á Land og niður í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu; svo og frá Eystri-Garðsauka að Hlíðarenda.

Enn fremur símakerfi í kaupúnum og þorpum, sem landssjóður eignast.

3. gr.

Á eftir orðinu »aðallínum« í 5. gr. 3. málgr. laganna komi: og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir.

4. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist:

Litlar þráðlausar firðviðskiftastöðvar er stjórninni og heimilt að stofnsetja, eftir því sem þörf er á, annað hvort til þess að koma einstökum landshlutum í samband við símakerfi landsins eða vegna siglinganna. Skal hjerað það, er hlut á að máli, venjulega taka þátt bæði í stofnkostnaði og rekstrarkostnaði þessara stöðva, eftir því sem landsstjórnin ákveður í hvert sinn lögum samkvæmt.

5. gr.

Á eftir orðunum »samkvæmt 5. gr.« í 7. gr. laganna, komi: (að undan skildum 8. og 9. lið 2. greinar).

6. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Það skal jafnan vera skilyrði fyrir því, að stofnsettar sjeu talsímastöðvar til almenningsnota, að hreppurinn áhyrgist starfræksluna eftir þeim reglum, sem gilda um venjulegar talsímastöðvar, og landsstjórnin ákveður nánar.

Þegar samningar þeir falla úr gildi, sem nú eru milli símastjórnarinnar og sveitarstjórna um greiðslu kostnaðarins við rekstur símastöðva, eða stofnsettar eru nýjar stöðvar, greiðir landsíminn af kostnaði þessum ekki minni hluta en hjer segir:

- a. af rekstrarkostnaði I. flokks B. $\frac{4}{5}$.
- b. — — — — — II. — $\frac{2}{3}$.
- c. Rekstrarkostnað símastöðva III. flokks greiðir landsíminn venjulega að hálfu, en rekstrarkostnað þeirra stöðva, sem settar eru í þágu einstakra manna eða hreppa, án þess að landsíminn hafi tekjur af þeim að nokkrum mun, greiði hlutaðeigendur að öllu leyti.
- d. Rekstrarkostnað stöðva, sem settar eru eingöngu vegna eftirlits með símanum, greiðir landssíminn að öllu leyti.

7. gr.

Lög nr. 52, 3. nóvember 1915, um breytingu á lögum nr. 35, 20. október 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands, eru úr gildi numin

II. Fyrirsögn frumv. orðist svo:

FRUMVARP

til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 35, 20. október 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Alþingi, 29. ágúst 1917.

Þórarinn Jónsson,
form. samvn. og Nd.nefndar, framsm. í Nd.

Guðjón Guðlaugsson,
form. Ed.

Sig. Eggerz,
fundaskrifari Ed.

Jóh. Jóhannesson,
framsm. Ed.

Benedikt Sveinsson,
skrifari samvn.

Gísli Sveinsson,
skrifari Nd.

Halldór Steinsson.

Hjörtur Snorrason.

Porleifur Jónsson.

Porsteinn M. Jónsson.

B. R. Stefánsson.

Hákon J. Kristófersson.